

Út með ruslið – eða hvað?

Þorvaldur Gylfason

Mestur hluti þeirrar tónlistar, sem flutt er í hljómleikahúsum heimsins, er gömul músík. Það þarf ekki annað en að skoða efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar undangengin ár og sölutölur um sigilda hljómdiska til að sjá, hvernig landið liggur. Gömlu meistarnir – Bach og Mozart, Beethoven og Brahms, Wagner og Verdi og margir fleiri – gnæfa yfir nútímann, enda þótt ýmis yngri tónskáld og núlifandi hafi gert margt mjög vel allt fram á okkar daga. En áheyrendur nútímans eru yfirleitt sólnari í gömlu músíkina. Hvers vegna? Er ástæðan sú, að gömlu jaxlarnir kærðu sig kollótta um sína eigin samtíð og skrifuðu heldur handa framtíðinni? Nei, það er af og frá. Þeir lögðu þvert á móti talsvert á sig, sumir a.m.k., til að verða við óskum eigin áheyrenda og ábyrgðarmanna og voru eftir því við alþýðuhæfi, t.d. Mozart og Verdi. Er þá ástæðan e.t.v. sú, að tónlistarsmekkur áheyrenda sitji einhvern veginn fastur í fortíðinni? Það verður einnig að teljast ólíklegt. Ekki hefur bókmenntasmekkurinn staðið í stað, svo mikið er víst. Nútíminn á rithöfunda, sem standa gömlu risunum fyllilega á sporði um alþýðuhylli. Nútímahöfundar njóta útsýnisins af öxlum eldri höfunda. Það verður ekki með góðu móti sagt um Balzac, Dickens, Dostojevskí og Tolstoy, að þeir gnæfi yfir helztu rithöfunda 20. aldar með líku lagi og Beethoven og Brahms skyggja á tónskáld 20. aldar, því að bækur margra nútímarithöfunda eru rifnar út.

Hver er þá skýringin á því, að nútímatónlist nýtur tiltölulega minni hylli en nútímabókmenntir? Ein hugsanleg skýring á misræminu er sú, að tónskáldin hafi með tímanum fallið í þá freistni að skrifa hvert handa öðru og látið áheyrendur sitja á hakanum. Þessi kenning er stundum studd þeim rökum, að klassísk tónlist njóti stuðnings af almannafé og

tónskáldin hafi að því skapi minna til áheyrenda að sækja en á fyrri tíð. Í Afríku er yfirleitt ekki gerður greinarmunur á klassískri tónlist og dægurtónlist, og e.t.v. er ástæðan sumpart sú, að tónskáldin þar, eða lagasmiðirnir, þurfa að ná til áheyrenda, því að annars fengi tónlist þeirra aldrei að heyrast. Gegn þessu geta menn teflt fram þeirri þungu röksemd, að klassísk tónlist Evrópu náði mestum blóma í skjóli skattfjár og þurfti því ekki nema að litlu leyti að beygja sig undir aga markaðsins í nútímaskilningi, af því að kóngar og furstar borguðu brúsann af annarra fé: þeir voru markaðurinn.



Ludwig van Beethoven

Önnur hugsanleg lausn gátunnar er sú, að tónlist og bókmenntir lúti ólíkum lögmálum fullkomunar og hafi þess vegna rutt sér ólíka farvegi: tónlistin hafi á eigin spýtur komizt nálægt leiðarlokum fyrir hundrað árum eða svo, þar eð það sé einfaldlega ekki hægt að gera miklu betur en gömlu brýnin og viðbætur yngri tónskálda hljóti því skv. eðli máls að vera

minni háttar, en bókmenntirnar séu á hinn bóginn ekki komnar á leiðarenda og komist þangað aldrei, þar eð þær lúti öðrum og e.t.v. sveigjanlegri tæknilögmálum en tónlistin. Þessi tillaga að lausn er reist á þeirri skoðun, að tónlist er öðrum þræði tæknilegt verkefni: það þarf mikla tæknikunnáttu og yfirleitt langskólanám til að geta samið boðlega símfóníu eða óperu, en ekki í sama mæli til að semja skáldsögu, enda þótt skáldsagnagerð lúti einnig tilteknum reglum um sagnbyggingu, sjónarhorn o.fl. Tónlist lýtur á hinn bóginn fastákveðnum innri rökum, sem ekki verða rofin. Tónlist eins og myndlist lýtur m.ö.o. ströngum reglum, sem menn verða að hafa lært til hlítar – ekki af sjálfum sér, heldur af öðrum – til þess að geta brotið þær að einhverju gagni og skapað nýja tónlist.



Johannes Brahms

Bókmenntir lúta ekki sambærilegum rökum: þar er næstum allt leyfilegt, innan marka. Rithöfundar lesa og hlusta og læra þannig að skrifa, það er reglan; tónskáld sækja tónlistarháskóla. Þessi eðlismunur – nema þetta sé bara stigsmunur, það er ekki gott að segja – bregður birtu á það, hvers vegna það er tiltölulega sjaldgæft, að tveir vanir menn, sem heyra sömu tónleika, séu á


öndverðum meiði um það, hvort konsertinn hafi verið góður eða ekki, á meðan hitt gerist oft, að tveir menn sjái sömu leiksýningu eða lesi sömu skáldsögu og hafi gerólíka skoðun á sýningunni eða sögunni. Rótgróin rökfesta tónlistarinnar virðist hafa þróast á þann veg, að ýmis nútímatónlist höfðar e.t.v. frekar til hugans en hjartans og hefur þá kannski sumpart fyrir þá sök orðið viðskila við þá áheyrendur, sem hugsa með hjartanu og finnast rök vera léttvæg í listum. Góðir skáldsagnahöfundar þurfa yfirleitt ekki að óttast slík viðbrögð: þeir skrifa sig fæstir frá lesendum sínum með framþróun bókmenntanna að leiðarljósi.

Samt er málið ekki alveg svona einfalt. Það sést á því, að það, sem sagt var að framan um tónlist, á nær eingöngu við um klassíska músík. En tónlist 20. aldar spannar miklu víðara svið. Um dægurtónlist og djass gilda að sumu leyti svipuð lögmál og um bókmenntir: þessi músík lýtur að sönnu föstum reglum, en þær eru aðgengilegri og auðlærðari en lögmál klassískrar tónlistar, og dægurtónlistin og djassinn eiga sér að sama skapi fleiri iðkendur og áheyrendur en klassísk músík.



Henrik Ibsen

Leikhúsið virðist tæknilega séð liggja einhvers staðar á milli fagurbókmennta og klassískrar tónlistar. Shakespeare, Ibsen og Brecht gnæfa yfir nútímaleikskáld líkt og gömlu tónskáldin gnæfa yfir yngri tónskáld. Þeir voru t.d. allir þrír á verkefnaskrá stóru leikhúsanna í Reykjavík 2003. Yfirburðir þeirra virðast m.a. felast í tæknilegri fullkomnun, sem helgast aftur af því, að leikhúsið lýtur reglum, sem menn komast ekki hjá því að virða, enda þótt þær séu ekki í alla staði jafnstrangar og lögmál tónlistarinnar. Og e.t.v. getur reikul staðsetning leiklistarinnar í þessu rófi glöggvað skilning okkar á þeim vanda, sem nútímaleikhús virðist hafa ratað í. Sumum – t.d. Arthur Miller, svo sem ég hef fjallað um áður hér í *Lesbókinni* – virðist leikhúsið vera deyjandi listform, og þeir hafa þá m.a. í huga þrálátan fjárhagsvanda leikhúsanna, en hann stafar aftur af því, að leiklist er vinnufrek og vinna er dýr. Að þessu leyti er peningaleysi leikhúsanna og heilbrigðiskerfisins af sömu rótum runnið. Tilraunir margra leikhúsa til að laða að sér áhorfendur með því t.d. að sviðsetja kvikmyndir og keppa þannig við kvikmyndahúsin vitna um vandann. Á meðan klassískt leikhús á í vök að verjast á Broadway, er Walt Disney samsteypan með einar fjórar sýningar á fjölnum eða í undirbúningi í New York – rándýrar uppsetningar á gömlum og nýjum bíómyndum í þeirri von að draga mikinn fjölda áhorfenda að leikhúsinu og þá um leið inn í ljómann frá Hollywood. Borgarleikhúsið er að gera sams konar tilraun þessarar vikunnar með söngleikinn *Chicago* og rokgengur: myndin var sýnd í fyrra, en verkið var að vísu sviðsverk í upphafi, frumsýnt á Broadway 1975. Þjóðleikhúsið gerði svipað um jólin 2002. Þetta er nýtt: þarna eru klassísk leiklist og afþreying að því er virðist að renna út í eitt eins og afrísk tónlist, af því að naumur fjárhagur húsanna neyðir þau til þess. Og leikhúsin reyna aftur og aftur að laða til sín áhorfendur með stripli og klámi, jafnvel í klassískum uppfærslum, þar sem það á ekki heima.



Edward Albee

Bandaríska leikskáldið Edward Albee kvartar sáran undan sjónvarpsvæðingu leikhússins. Hann hefur samið næstum 30 leikrit, en fæst þeirra eru þekkt utan þröngs hóps nema *Hver er hræddur við Virginíu Woolf?* Þegar *Virginia Woolf* var fest á filmu fyrir bráðum 40 árum, þótti handritsgerðarmanninum, sem kvikmyndaverið setti til höfuðs höfundinum, eitthvað vanta: honum fannst það ekki nógu áhrifaríkt, að prófessorsfrúin í verkinu (Elizabeth Taylor, átti fyrst að vera Bette Davis, en Albee fékk ekki að ráða því) kveldi bónda sinn (Richard Burton, átti að vera James Mason) á því að vera sífellt að tala um barnið, sem þau höfðu aldrei átt. Handritsmanninum þótti nauðsynlegt að hafa barnið heldur herfilega vanskapað í hlekkjum uppi á háalofti, og annað var eftir þessu, og Albee tókst með naumindum að aftra þessum ósköpum, og myndin fékk að lokum að fylgja leikritinu og tókst vel. Hann stóð svo fast á höfundarrétti sínum, að handritsgerðarmanninum tókst ekki að bæta nema tveim stuttum setningum inn í kvikmyndina – báðum óþörfum, segir Albee.

En sjónvarpsvæðingin heldur áfram. Og þá vaknar þessi spurning: ef leikhús, studd af almannafé, telja sig knúin til að keppa við sjónvarpsstöðvar, sem sérhæfa sig í útsendingu erlends afþreyingarefnis, er þá ekki verið að kippa fótunum undan eða a.m.k. draga kraftinn úr málflutningi þeirra, sem telja rétt og nauðsynlegt, að ríki og byggðir styðji leikhús af menningarástæðum líkt og ýmsa aðra menningarstarfsemi? Hversu langt gæti Sinfóníuhljómsveitin gengið í þá átt að troða upp með Rottweilerhundunum til að drýgja tekjurnar, áður en skattgreiðendur kiptu að sér hendinni? Varla alla leið. Sinfóníuhljómsveitin er gerð út fyrir almannafé af ýmsum góðum og gildum ástæðum, m.a. til að flytja verk, sem Rottweilerhundarnir ráða ekki við. Þjóðleikhús og borgarleikhús og ríkisóperuhús í Evrópu sýna með sömu rökum yfirleitt ekki söngleiki nema endrum og eins: þau þurfa ekki á því að halda, og það er ekki heldur í þeirra verkahring, heldur einkaleikhúsa. Brezka þjóðleikhúsið í London sýnir þó jafnan einn söngleik á ári með miklum brag.



Bette Davis



James Mason

Menn hafa sumir að gefnu tilefni spurt sömu spurningar um Ríkisútvarpið. Til hvers er ríkið í sjónvarpsrekstri, ef það setur markið ekki miklu hærra en einkastöðvarnar? Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur vakti máls á því í blaðagrein fyrir nokkru, að langflest helztu skáldverk þjóðarinnar hafa aldrei verið kvikmynduð handa sjónvarpi með sama hætti og þykir sjálfsagt í öðrum löndum. Undantekningarnar er hægt að telja á fingrum annarrar handar. En þess konar efni virðist ekki eiga upp á pallborðið í ríkissjónvarpinu eins og sakir standa. Efnisvalið þar á bæ leiðir hugann að ummælum, sem Egill Helgason blaðamaður hafði eftir bandaríska kvikmyndaleikstjóranum Woody Allen í blaðagrein um daginn: „Í Kaliforníu fara menn ekki út með ruslið, þeir setja það í sjónvarpið.“ Verkaskiptingin í sjónvarpsheiminum ber þess ýmis merki, að ríkissjónvarpið þykist þurfa að keppa við og enduróma einkasjónvarpsstöðvarnar í stað þess að rækja þá menningarlegu sérstöðu, sem því var ætluð í öndverðu.